

Á vefsíðu söluaðila þurfa neðangreind atriði að koma fram og vera sýnileg.

- Upplýsingar um söluaðila (nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang)
- Skilmálar/skilyrði söluaðila sýnilegt á vefsíðunni og í greiðsluferlinu.
- Endurgreiðslustefna þarf að vera mjög skýr og sýnileg við hliðina á pöntunarhnapp.
- Hvenær vara er send og sendingarkostnaður (ef við á).
- Afhendingartími (ef við á).
- Vörumerki (lógó) kortasamtakanna sem samningurinn nær yfir. [Visa/Mastercard/Amex](#)
- Öryggisskilmálar (privacy policy / vernd persónuupplýsinga).
- Lög og varnarþing.



Leiðbeiningar fyrir skilmála og skilyrði (dæmi).

Upplýsingar um fyrirtækið/söluaðilann

Nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang.

(Nafn fyrirtækis) áskilur sér rétt til að hætta við pantanir, t.d. vegna rangra verðupplýsinga eða hætta að bjóða upp á vörutegundir fyrirvaralaust. Áskilinn er réttur til að staðfesta pantanir símleiðis.

Afhending vöru

Allar pantanir eru afgreiddar næsta virka dag eftir pöntun. Sé varan ekki til á lager mun þjónustufulltrúi hafa samband og tilkynna um áætlaðan afhendingartíma vörunnar. Af öllum pöntunum dreift af Íslandspósti gjalda afhendingar-, ábyrgðar og flutningskilmálar Íslandspósts um afhendingu vörunnar. (Nafn fyrirtækis) ber samkvæmt þessu enga ábyrgð á týndum sendingum eða tjóni sem kann að verða á vöru í flutningi. Ef vara týnist í pósti eða verður fyrir tjóni frá því að hún er send frá (nafn fyrirtækis) til viðkomandi er tjónið á ábyrgð kaupanda. Hægt er að greiða 590 kr. fyrir rekjanlegt bréf. Frí heimsending er á pöntunum 1.000 kr. og yfir nema annað komi fram í lýsingu á vöru.



Verð á vöru og sendingakostnaður

Öll verð í vefverslun eru með inniföldum 24% vsk en sendingakostnaður bætist síðan við áður en greiðsla fer fram. Við sendum allar vörur með Íslandspósti beint heim að dyrum. Sendingakostnaður er 400 kr.

(Sendingarkostnaður er mismunandi eftir fyrirtækjum. Ef verslað er fyrir t.d. 10.000 kr. eða meira þá fellur sendingarkostnaðurinn niður.)

Að skipta og skila vöru

Veittur er 14 daga skilaréttur við kaup á vöru gegn því að framvísað sé sölureikningi sem sýnir með fullnægjandi hætti hvenær varan var keypt. Varan þarf að vera ónotuð, í fullkomnu lagi og í sínum upprunalegu óskemmdu umbúðum þegar henni er skilað. Ef vara er innsiglið má ekki rjúfa innsiglið. Við skil á vöru er miðað við upprunalegt verð hennar, nema viðkomandi vara sé á útsölu eða á sértíloboði við vöruskil. Þá er miðað við verð vörunnar þann dag sem henni er skilað.

Gölluð vara

Sé vara gölluð er viðskiptavinum boðin ný vara í staðinn og greiðum við allan sendingakostnað sem um ræðir eða endurgreiðum ef þess er krafist. Að öðru leiti vísast til laga um neytendakaup nr.48/2003 og laga um neytendasamninga.

Logo

Rétt vörumerki fyrir sölusíður má finna á heimasíðu okkar. Söluaðilum ber að uppfæra vörumerki kortasamtakanna [Visa, Mastercard og American Express](#) miðað við gildandi vörumerkjareglur samtakanna.

Trúnaður (öryggisskilmálar)

Seljandi heitir kaupanda fullum trúnaði um allar upplýsingar sem hann gefur upp í tengslum við viðskiptin. Upplýsingar verða ekki undir neinum kringumstæðum afhentar þriðja aðila. Privacy policy All personal information will be strictly confidential and will not be given or sold to a third party.

Lög og varnarþing

Samningur þessi er í samræmi við íslensk lög. Rísi mál vegna hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur (ef fyrirtækið er með lögheimili í Reykjavík) eða Héraðsdómi Reykjaness (ef fyrirtækið er með lögheimili í t.d. Garðabæ eða Kópavogi) o.s.fv. Governing law / Jurisdiction These Terms and Conditions are in accordance with Icelandic law.

